

# Foreldraráðsfundur – Annar fundur á skólaárinu 2019-2020

**Dagsetning og staðsetning:**

Foreldraráðsfundur Lundarsels haldinn í kjallara Lundarsels 23. okt 2019, klukkan 14.30-15.30.

**Mætt:**

Ragna Kristín Jónsdóttir, Selma Dögg Sigurjónsdóttir, Erla Dóra Vogler,  
Björg Sigurvinsdóttir

**Fjarverandi:** Ingveldur Sigurðardóttir (veikindi)

**Fundarstjórn:**

Björg Sigurvinsdóttir

**Fundarritari**

Selma Dögg Sigurjónsdóttir

**Fundargerð sent til :**

Foreldra í gegnum mentor, starfsmanna með tölvupósti. Sett á heimasíðu leikskólans.

**Dagskrá sent til allra fundarmanna:**

1. Kynninga á starfsáætlun
2. Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar 2019-2020
3. Afmæli Lundarsels
4. Önnur mál

**Fundargerð:****1. Kynning á starfsáætlun**

Björg fór yfir starfsáætlun Lundarsels 2019-2020. Umræður um tímasetningar á Skólavoginni svo að skólastjórar geti unnið með tillögur ef t.d umbætur þurfa að eiga sér stað. Björg sagði frá áætlunum um að sameina starfsáætlun og ársskýrslu og að öllum líkindum verður það á næsta ári.

**2. Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar 2019-2020**

Foreldraráð fór yfir starfsáætlun og bendir á að gott væri að hafa niðurstöður úr Skólavoginni til að setja inn í starfsáætlun og geta þannig sett inn tímasett og mælanleg markmið í samræmi við niðurstöður. Markmið komandi árs mættu vera skýrari í starfsáætlun.

**3. Afmæli Lundarsels**

Lundarsel er 40 ára í ár. Vikuna 4.-8. nóvember 2019 verður undirlögð í afmælisfjör. Á fimmtudeginum í þeirri viku verður opið hús fyrir gesti og gangandi. Myndverk og vídeó eftir börnin verða til sýnis. Tillaga að láta RúV/ N4 vita af opna húsinu og bjóða sérstaklega fræðsluráði, gömlum starfsmönnum og öðrum stjórnendum hjá Akureyrarbæ.

**4. Önnur mál****a) Aðgengi að skóla og geymslustaðir fyrir hjól**

Foreldraráð ítrekar að gerðar verði umbætur við skólann með tilliti til gangandi og hjólandi vegfarenda (gangbraut og aðstaða fyrir hjól).

Fundi slitið kl. 15:45